

# Álagningarreglur fasteignagjalda í Borgarbyggð 2019

## Fasteignaskattur:

0,40% af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum, erfðafestulanda í dreifbýli og jarðeigna, útihúsa og mannvirkja á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, hesthúsa, allra hlunninda og sumarbústaða ásamt lóðarréttindum skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum.

1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna ásamt lóðarréttindum, skv. b-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum.

1,39% af fasteignamati allra annarra fasteigna ásamt lóðarréttindum skv. c-lið 3. gr. laga 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum.

## Lóðaleiga:

1,50% af fasteignamati íbúðarhúsalóða en 2,00% af fasteignamati annarra lóða.

## Vatnsgjald:

Vatnsgjald Vatnsveitu Álfthaneshrepps er 0,3% af fasteignamati þeirra húsa sem tengd eru veitunni, þó að hámarki kr. 30.000 á hverja jörð/sumarhús.

## Sorpgjald:

Sorpgjald er sem hér segir:

kr. 47.200 á hvert heimili

kr. 20.800 á hvert frístundahús

kr. 27.060 fyrir hvert aukalát fyrir almennan úrgang

kr. 16.390 fyrir hvert aukalát fyrir endurvinnsluúrgang

## Tæming rotþróa:

Árgjald fyrir tæmingu rotþróa á vegum sveitarfélagsins:

kr. 8.840 fyrir 1 – 3100 lítra rotþró

kr. 10.220 fyrir 3101 – 6000 lítra rotþró

kr. 12.190 fyrir 6001 – 10000 lítra rotþró

fyrir stærri rotþrær skv. gjaldskrá.

## Gjalddagar:

Gjalddagar eru tíu, 21. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september og 15. október, nema heildarálagning sé undir kr. 20.000, þá er einn gjalddagi sem er 15. maí.

Eindagi er fimmtánda dag næsta mánaðar eftir gjalddaga.

## Afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega:

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem eiga **lögheimili í Borgarbyggð** eiga rétt á afslætti af **fasteignaskatti** skv. reglum og ákvörðun sveitarstjórnar hvert ár, sbr. heimild í 5. gr. laga 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Hjá hjónum og sambýlisfólki ræður aldur þess er fyrr verður 67 ára. **Afsláttur nær einungis til íbúðarhúsnæðis sem viðkomandi býr sjálfur í.**

Afsláttur ræðst af tekjum undanfarandi árs. Afslátturinn er reiknaður til bráðabirgða við álagningu út frá öllum skattskyldum tekjum einstaklings eða hjóna/sambúðarfólks, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjum samkvæmt síðasta skattframtali, en þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðasta árs er afsláttur endurskoðaður og leiðréttur.

Tekjumörk eru ákveðin af byggðarráði Borgarbyggðar í desember á hverju ári og eru nú:

Fyrir einstaklinga, (tekjur á árinu 2018):

með tekjur allt að kr. 3.621.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 3.621.001 - 4.192.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 4.192.001 – 4.758.000 er veittur 50% afsláttur

Fyrir hjón (tekjur á árinu 2018):

með tekjur allt að kr. 5.988.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 5.988.001 – 6.696.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 6.696.001 - 7.405.000 er veittur 50% afsláttur

## **Álagningarseðlar verða eingöngu sendir til þeirra sem eru 71 árs og eldri og fyrirtækja en allir álagningarseðlarnir eru aðgengilegir á „Mínar síður / Pósthólf“ á heimasíðunni [www.Island.is](http://www.Island.is)**

Ef gjaldendur telja álagninguna ekki rétta er hægt að fara fram á endurálagningu. Skrifleg beiðni þar um ásamt rökstuðningi skal berast skrifstofu Borgarbyggðar eigi síðar en mánuði eftir álagningu gjaldanna.

**Greiðsluseðlar** verða eingöngu sendir til þeirra sem eru 71 árs eða eldri og þeirra sem þegar hafa óskað eftir að fá þá senda til sín. Aðrir fá ekki greiðsluseðla en geta greitt þá í heimabanka sínum.

Vinsamlega hafið samband við skrifstofu Borgarbyggðar ef óskað er eftir að fá senda greiðsluseðla og eins geta þeir sem orðnir eru 71 árs afþakkað greiðsluseðla. Síminn á skrifstofu Borgarbyggðar er 433-7100 og netfangið [borgarbyggd@borgarbyggd.is](mailto:borgarbyggd@borgarbyggd.is)